

(Ó)Traustar heimildir:

Um söfnun og útgáfu þjóðkvæða

Með þessari grein er ætlunin að varpa nokkru ljósi á *Fornfræðafélagið* svokallaða og það söfnunarátak sem félagsmenn stóðu fyrir um miðja 19. öld. Sérstaklega verður fjallað um þjóðkvæðauppskriftir sem félaginu bárust og afdrif þeirra. Þá verður litið á útgáfu þessara kvæða, einkum í *Íslenskum þulum og þjóðkvæðum*, þar sem Ólafur Davíðsson prentaði eða studdist við stóran hluta uppskriftanna. Ein þula verður athuguð sérstaklega í þeim tilgangi að sýna heimildanotkun og meðferð hans á uppskriftunum. Með þessum hætti velti ég fyrir mér raunverulegri stöðu kvæðanna í útgáfu.¹

Um Fornfræðafélagið

Á fyrri hluta 19. aldar má segja að Evrópubúar hafi almennt vaknað til vitundar um gildi þjóðfræða og nauðsyn þess að skrá munnmæli og varðveita. Þessi vakning náði einnig til Íslendinga, sem gerðu sér æ betur grein fyrir þeim dýrmætum sem fólust í munnmælaarfinum, þeim skáldskap sem aldrei hafði runnið í gegnum blek, heldur lifað á vörum fólksins. Söfnun fór þó hægt af stað hérlandis, en ekki er hægt að segja að þeir menn sem á annað borð létu til sín taka hafi setið auðum höndum. Ötulir þjósagnasafnarar komu úr hópi bænda, lærdómsmanna – og ekki síst – félagasamtaka.

Á 19. öld var starfræktur í Kaupmannahöfn félagsskapur sem bar nafnið *Det Kongelige Nordiske Oldskrift-selskab*, en gekk undir nafninu *Fornfræðafélagið* (Hið konunglega norræna fornfræðafélag) á íslensku. Í þessum félagsskap voru fyrirmenn víðs vegar að úr heiminum, sem höfðu það markmið að styrkja fornleifarannsóknir, stuðla að varðveislu og söfnun hinna ýmsu fornfræða og kosta útgáfur fornrita. Í málgagni félagsins, *Antiquarisk tidsskrift*, birtu félagsmenn fróðleik um einstök rannsóknarefni, starfsemi félagsins og aðföng, auk þess sem þar voru prentaðar ársskýrslur, allt aftur til ársins 1837.

Í ársskýrslum er birtur listi yfir meðlimi félagsins og fjárframlag hvers um sig. Fyrst er prentað félagatal þeirra manna sem greiða 100 ríkisbankadali eða meira ár hvert og mynda þar með fastan sjóð. Friðrik VI, Danakonungur, fer fremstur í flokki þessara manna, en á hæla hans koma hinir ýmsu þjóðhöfðingjar; konungar og prinsar, keisarar, furstar og hertogar sem leggja fram allt að 300 rbd. Þá eru taldir upp aðrir fyrirmenn, einkum stjórnsýslumenn víðs vegar að, sem greiða til

¹ Ég vil þakka fyrir styrkveitingu frá „Den Arnamagnæanske Kommission” í Kaupmannahöfn, sem gerði mér kleift að vinna efni þessarar greinar og skrá innihald handritsins *DFS 67*.

félagsins 100 rbd. Úr þeirra hópi má nefna ritara félagsins, C. C. Rafn, sem m.a. gaf út Fornaldarsögur Norðurlanda 1829–30, en samanlagt eru þessir velunnarar félagsins hátt á annað hundrað. Í öðru lagi er birt hið eiginlega meðlimatal, þ.e.a.s. nöfn allra félagsmanna ásamt upplýsingum um framlög, sem oftast eru nokkrir rbd. Frá árinu 1846, þegar félagsskapurinn stóð í sem mestum blóma, eru allnokkrir Íslendingar í hópi félagsmanna. Þeir eru Sveinbjörn Egilsson rektor, Finnur Magnússon etatsráð, sýslumennirnir Lárus Thorarensen, Páll Melsted og Kristján Magnússon, Jón Sigurðsson, sem gegndi starfi skjalavarðar fyrir félagið, Konráð Gíslason og Þórður Sveinbjörnsson. Lítil breyting varð á félagatali milli ára, en frá árunum 1851 og 1852 má nefna tvo nýja meðlimi, þá Gísla Brynjúlfsson styrkþega á Árnasafni og Boga Benediktsson frá Staðarfelli. Af nafnkunnum erlendum mönnum mætti nefna Rudolf Keyser, sem m.a. gaf út Strengleika, Jacob Grimm þjóðsagnasafnara og danska skáldið Adam Oehlenschläger. Alls voru skráðir meðlimir ríflega 800 talsins.

Árið 1845 hóf Fornfræðafélagið skipulega söfnun þjóðfræðaefnis frá Íslandi með skýrslu sem prófessor George Stephens lagði fram á fundi. Tillaga hans að framkvæmd og skipulagi felur í sér söfnun tíu mismunandi flokka þjóðfræðaefnis, þ.á m. gamalla þjóðkvæða og barnagæla.² Í framhaldi af þessu var samið „Boðsbréf til Íslendinga um fornrita-skýrslur og fornsögur” árið 1846. Í þessu bréfi, sem var sent til presta, sýslumanna og annarra fróðleiksvina, er þess farið á leit að skýrslur um söfnun þeirra greinist í þrennt, þ.e. fornrit, staðalýsingar og alþýðleg fornfræði.³ Undir flokkinn alþýðleg fornfræði falla „gömul kvæði og ljóð, sem höfð eru til skemtunar úngum og gömlum, en ekki eru prentuð, og ekki skrifuð upp svo menn viti: svo eru ymsar rímur, fornkvæði, vikivakar, dansleikakvæði, söguljóð, vísur og kvæði um fugla og dýr, eða annað (grýlukvæði, tóukvæði, krummakvæði o.s.frv.)”.⁴ Að ráði G. Stephens var sérstaklega beðið um að kvæðunum fylgdu upplýsingar um heimildamenn og að kvæði af ólíkum toga skyldu ekki rituð saman á blað.

Viðbrögð manna hér á landi voru misjöfn og sýndist sitt hverjum um þetta uppátæki félagsmanna. Sr. Jón Yngvaldsson á Nesi í Aðalreykjadal var einn þeirra sem ekki lá á skoðunum sínum og segir hann m.a. í bréfi til félagsins:

Hefdi eg i uppvexti mínum getað haft nokkurn grun eda ætlan um, ad háupplýstir og hálærðir menn á 19du öld, mundi kunna að leita skjals og skírslu, um slík hégómamál og hjátrúarfull hindurvitni, sem upp eru talin og týnd, í enum 3ja Flokkinum, um

² George Stephens, „Forslag til Islændernes udgivne folkesagns og sanges optegnelse og bevaring”, *Antiquarisk Tidsskrift 1843–1845*, Kaupmannahöfn, 1845, bls. 191–92. Skýrslan er einnig prentuð í heild sinni í *Íslensk fornkvæði*, VI, Jón Helgason gaf út (Editiones Arnamagnæanæ, B 15), Kaupmannahöfn, 1968, bls. xxiv–xxvii.

³ Ögmundur Helgason hefur skráð og kannað þjóðsögur í handritum Fornfræðafélagsins. Í grein hans „Upphaf að söfnun íslenskra þjóðfræða fyrir áhrif frá Grimmsbræðrum”, *Árbók Landsbókasafns* 1989, Reykjavík 1991, er m.a. komið inn á söfnun félagsins.

⁴ *Antiquarisk Tidsskrift 1843–1845*, bls. vi. Boðsbréfið er prentað í heild sinni með eigin blaðsíðutali i–viii.

Alþýdlig Fornfræði; mundi eg nú að vísu hafa gétað verið fær um að samansetja um alt slíkt og þvílíkt, bók⁵ heila, eg veit ei hvað stóra! En af því að eg sem fleyri upplýstir menn, þessarar aldar; hefi alt frá að eg komst af barns alldri, við-leitast að kæfa sem dýfst í ómynniselfu og götva, og grafa sem dýpst í gleyskumold alt slíkt og þvílíkt, þá verður nú alt minna og óhægra að taka til alls þess kyns, enn ella mundi orðið hafa ...⁶

En þrátt fyrir skiptar skoðanir um gildi fornfræðanna bar söfnunin árangur. Skýrslur yfir það helsta sem félaginu barst voru unnar af Jóni Sigurðssyni og birtar fjórum sinnum í *Antiquarisk tidsskrift* 1846–51. Þjóðkvæði skipa veglegan sess meðal aðfanga og vantar þó töluvert upp á að öllu því séu gerð fullnægjandi skil í yfirliti Jóns.⁷ Í aðfangaskrá er boðsbréfið ítrekað fyrir Íslendingum og þeir beðnir um að senda innlegg sitt til Jóns, sem vissulega var e.k. milligöngumaður Íslendinga og félagsins.

Jafnhliða þessum nývaknaða áhuga manna á varðveislu munnmæla fór að hilla undir útgáfur. Líklega hafa hinar nýfengnu kvæðauppskriftir kynt undir þess konar hugmyndum, enda góð viðbót við það sem þegar var tiltækt af slíku efni. Það hafði reyndar alltaf verið eitt af hlutverkum Fornfræðafélagsins að standa að útgáfu þess efnis sem þangað barst⁸ og ekki leið á löngu þar til hugmyndirnar urðu að veruleika; Svend Grundtvig, sem um árabíl hafði unnið að útgáfu danskra þjóðkvæða, fékk Jón Sigurðsson til liðs við sig um útgáfu sagnadansa. Afrakstur þeirrar samvinnu var tveggja binda safn, *Íslensk fornkvæði*, sem markaði tímamót í útgáfu þjóðkvæða. Fyrri bindið kom út í þremur heftum á árunum 1854–58, en því síðara var ekki lokið fyrr en 1885, þegar Pálmi Pálsson cand. mag. hafði tekið við útgáfunni, sem þó var vel á veg komin, eftir fráfall þeirra Jóns (d. 1879) og Grundtvigs (d. 1883). Þetta hlýtur að teljast langur tími fyrir útgáfu tveggja binda og bendir til þess að verkinu hafi fylgt einhverjir erfiðleikar. Hverjir þeir voru er mér hins vegar ekki kunnugt um, e.t.v. bæði annir útgefenda og fjárskortur.

Árið 1883 tók handritasafn Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn við varðveislu þeirra handrita sem safnast höfðu á vegum Fornfræðafélagsins. Mikið af þjóðkvæðaefninu varð þó viðskila við þetta safn, líklega vegna þess að útgáfu *Íslenskra fornkvæða* var þá enn ólokið og þjóðkvæði félagsins hafa sennilega legið innan um vinnuplög og kvæðauppskriftir útgefenda. Þjóðkvæðauppskriftirnar voru síðan fluttar ásamt öðru blaðadóti Grundtvigs yfir til Konunglega bókasafns-

⁵ Hér hefur Jón bætt tölustafnum „2” við ofan línu og hefur líklega við nánari athugun fundist hann hafa haft efni í tvær heilar bækur.

⁶ *DFS* 67, bls. 459.

⁷ *Antiquarisk Tidsskrift 1846–1848*, Kaupmannahöfn, 1847, bls. 39–44 og 154–172 og *Antiquarisk Tidsskrift 1849–1851*, Kaupmannahöfn, 1852, bls. 13–27 og 218–266.

⁸ Aftan við síðustu aðfangaskýrslu, þar sem söfnunin er ítrekuð fyrir Íslendingum, segir: „Eptir því sem fleira safnast af öllum þesskonar skýrslum sem vér höfum áður beðið um, eptir því safnast meira efni til að velja úr nokkuð af því til prentunar, líkt og gjört er annarstaðar, þar sem slíku er safnað, t.a.m. á Englandi, í Svíþjóð og víðar”. *Antiquarisk tidsskrift 1849–51*, bls. 266.

ins í Kaupmannahöfn, eftir dauða hans þetta sama ár. Þar fengu þau auðkennið SvG. 67. Enn síðar var varðveisla Grundtvigssafnsins færð frá Konunglega bókasafninu til dönsku þjóðfræðastofnunarinnar „Dansk Folkemindesamling“, þar sem það er geymt enn þann dag í dag. Við flutninginn breyttist auðkenni handritanna á þann veg að SvG. varð DFS. Handritin *DFS* 65–68 og *116–118* varðveita íslenskar uppskriftir, þar með taldar þjóðkvæðauppskriftir Fornfræðafélagsins í *DFS* 67, sem auk þess inniheldur kvæðauppskriftir Jóns Sigurðssonar og fleiri manna.

Þau handrit sem Árnasafn tók til varðveislu innihalda efni af ýmsum toga. Í nokkrum þeirra má finna þjóðkvæði innan um annars konar efni, oftast nær þjóðsögur og sagnabætti og kennir þar, eins og við má búast, margra grasa.⁹ Þessi handrit hafa smám saman verið flutt til Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi og hið síðasta, *AM* 277 8vo, kom í desember 1995.

DFS 67 D og E

Efnið í *DFS* 67 er nú hið eina úr þjóðfræðasöfnun Fornfræðafélagsins sem áfram helst í vörslu Dana. Eins og bréf Íslendinga til Fornfræðafélagsins bera með sér tengja þeir söfnunina einkum við Jón Sigurðsson og aðra samlenda menntamenn í Kaupmannahöfn. Þeir voru m.ö.o. að treysta löndum sínum fyrir uppskriftunum, enda brýndi Jón það fyrir mönnum að með því að senda fornfræði sín utan, myndu þeir forða þeim frá fúa eða glötun.¹⁰ Það væri því vel við hæfi og jafnvel eðlilegt að *DFS* 67 yrði fært í vörslu Árnastofnunar á Íslandi, við hlið annarra handrita Fornfræðafélagsins.

Að því leyti er *DFS* 67 nokkurs virði fyrir Íslendinga, að það hefur að geyma eitt stærsta safn þjóðkvæða í frumriti skrásetjara, þeirra manna sem söfnuðu kvæðunum meðal sveitunga sinna og sendu utan. Nokkur þessara kvæða eru jafnvel með eigin hendi heimildarmanna og öll eiga þau það sammerkt að vera ósvikin, óbrengruð þjóðkvæði. Með orðunum „óbrengruð þjóðkvæði“ á ég við kvæði sem

⁹ Þjóðkvæði eru varðveitt í eftirtöldum handritum Fornfræðafélagsins: *AM* 960 4to: Ýmis kvæði, þ.á m. Grýlukvæði og þulur frá sr. Daníel Halldórssyni, skemmtikvæði og kvæði trúarlegs efnis frá Arnlfjóti Ólafssyni, þulur og barnastef frá Helga Sigurðssyni á Jörfa og þulur sem skrifaðar eru aftan á bréf til Bjarna Brynjólfssonar á Hafrafelli. *AM* 968 4to: Ýmiskonar kveðlingar í þjóðsögum frá Magnúsi Grímssyni. *AM* 969 4to: Grýlu-, krummakvæði og þulur, auk þess alls kyns kveðskapur eftir nafn- og ónafngreinda menn frá Guðmundi Sigurðssyni á Loftsstöðum. *AM* 970 4to: Kvæði eftir nafngreinda menn frá sr. Jörgen Krøyer frá Hlíðarhaga, ýmis stef og kvæði í leikjum frá sr. Guðmundi Einarssyni í Skáleyjum og sýnishorn úr Hallmundarkviðu frá sr. Sigurði Gunnarssyni í Desjarmýri. *AM* 247 8vo: Þulur og galdraformúlur frá Helga Sigurðssyni á Jörfa. *AM* 276 8vo: Ýmis kvæði innan um þjóðsagnir frá Gísla Konráðssyni. *AM* 277 8vo: Þulur, barnagælur og ýmis önnur kvæði frá Arnlfjóti Ólafssyni, Jóni Halldórssyni á Reyni, Páli Erlendssyni á Brúarlandi í Hofssókn, sr. Jörgen Krøyer og e.t.v. fleirum. Vera má að einstök þjóðkvæði og stef kunni að leynast annars staðar, og þá helst sem kviðlingar í þjóðsögnum.

¹⁰ *Antiquarisk tidsskrift* 1846–48, bls. 161.

hafa tekið breytingum og af- eða aðlagast á ýmsa vegu. En í því felst einmitt gildi þeirra, þar sem þau hafa gengið munnlega mann fram af manni, jafnvel öld eftir öld. Uppskriftirnar bera það með sér að vera rétt skráðar og lausar við leiðréttingar skrásetjara. Í þeim skilningi er hvert og eitt kvæðanna frumheimild.

DFS 67 hefur verið skipt í 7 hluta, A–G, en einungis tveir þeirra, D og E, innihalda þjóðkvæði sem mega teljast frumheimildir samkvæmt ofangreindri skilgreiningu. Að öðru leyti varðveitir handritið ýmsar afskriftir Jóns Sigurðssonar og fleiri manna.¹¹ Hér skal stuttlega gerð grein fyrir efni D- og E-hluta handritsins:

D (106 bls.):

Uppskriftir Jóns Sigurðssonar á gamankvæði og tveimur kvæðaupphöfum.

Bréf Sigurðar Guðmundssonar frá 1863 um leiki og vikivaka og annað bréf frá 1864 er nefnist „Lítið eitt um vikivaka”. Bæði bréfin innihalda eitt kvæði.

„Vikivakar” – stutt ritgerð með fimm kvæðum.

Þrettán kvæðauppskriftir Jóns Marteinssonar frá 1750 og fyrr, að mestu leyti stutt skemmtikvæði.

„Niðurraðan og undirvísan hvurninn gleði og Dansleikir voru tíðkaðir og umm hönd hafðir í firri tíð.” Í þessari ritgerð má finna 7 danskvæði. Einnig fylgir nokkur fróðleikur um niðurraðan búða á Alþingi.

Tvö minnisblöð Jóns Sigurðssonar.

Stök blaðsíða úr gömlu pappírshandriti: „Vikiuwaka Kwædi, ad kveda wid Kwenn-Fölk” – tvö kvæði.

Tvö danskvæði Jóns Guðmundssonar.

Fjögur kvæði; stakt viðkvæði og skemmtikvæði með hendi Jóns Sigurðssonar og tvö kvæði með hendi Svends Grundtvigs.

Saga með þulu frá Sigurði Guðmundsyni málara úr Skagafirði frá 1854.

Þrjár kvæðauppskriftir með hendi Jóns Sigurðssonar.

Tvö danskvæði frá Páli Pálssyni, stúdent.

„Fuglinn í fjörunni” – uppskrift með hendi Jóns Sigurðssonar.

Fimm þulur, þar af eru fjórar hafðar eftir nafngreindum kvæðakonum.

Þrjátíu og þrjár þuluuppskriftir með hendi Jóns Sigurðssonar, þar af nokkrar eftir nafngreinda heimildamenn.

Fjórir kviðlingar með hendi Jóns Sigurðssonar.

Lotulengdarkapp, tíu uppskriftir Jóns Sigurðssonar, sumt eftir nafngreindum mönnum.

Fimm kvæðauppskriftir með hendi Jóns Sigurðssonar, þar af fjórar eftir nafngreinda heimildamenn.

¹¹ Efni *DFS 67* að öðru leyti en D og E: A: „Leikir í ritum Jóns Ólafssonar Grunnvík.” með hendi Jóns Sigurðssonar. B: „Vikivakakvæði” – afskriftir með hendi Jóns Sigurðssonar. C: „Notitser vedrørende islandske sange, danse og lege” með hendi Jóns Sigurðssonar. F: „Ormars rímur” – fjórar uppskriftir með hendi Svends Grundtvigs, Sigurðar Hansen og Guðbrands Vigfússonar. G: Innihaldslýsing og uppskriftir úr *AM 622 4to* og *AM 720 4to*. Þessi hluti er seinna til kominn en annað efni. Nákvæm skráning á innihaldi *DFS 67*, unnin af þeirri sem þetta ritar, er nú á lokastigi. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi hefur nýlega látið ljósrita handritið eftir filmu.

- A: Tveir sagnadansar og kvæði frá Jóni Þórðarsyni á Klausturhólum í Árnessýslu árið 1848.
- B: Sex sagnadansar frá Gísli Konráðssyni á Húsabökkum í Skagafirði árið 1848.
- C: Tólf kvæði (Grýlukvæði ofl.), fjórar gátur og skrá yfir óprentaðar rímur frá Brynjólfi Árnasyni í Langholti, Skaftafellssýslu.
- D: Fjórtán kvæði; sagnadansar, skemmtikvæði og þulur í uppskrift sr. Benedikts Þórarinssonar á Ási í Fellum, N-Múlasýslu frá 1850, flest eftir maddömu Björgu Pétursdóttir á Kirkjubæ.
- E: Tuttugu og átta kvæði, aðallega sagnadansar, þulur og þulubrot, krumma- og Grýlukvæði, frá sr. Daníel Halldórssyni í Glæsibæ árið 1849.
- F: Fjórar gátur, draumlýsing og tuttugu og fimm kvæði; sagnadansar, þulur, Grýlukvæði og annars konar kveðskapur í ýmsum uppskriftum frá Reykjavík. Um heimildamenn er ekki getið, að undanskildum Einari Jafetssyni, sem undirritar draumlýsingu.
- G: Sjö sagnadansar frá Gísli Konráðssyni á Húsabökkum í Skagafirði.
- H: Átta kvæði af ýmsum toga og skrá yfir ýmis kvæði sem sendandi veit að eru til. Sendingin er ónafngreind.¹³
- I: Fimm kvæði og ævintýri (exempla) frá ónafngreindum sendanda.
- K: Tveir sagnadansar og eitt kvæði frá Guðmundi Sigurðssyni á Loftsstöðum í Gaulverjabæjarhreppi.
- L: Þrjár gátur og sjötíu og sex þjóðkvæði af ýmsum toga frá sr. Jóni Eyjólfssyni á Stað í Aðalvík. Kvæðin eru öll skrifuð eftir nafngreindu kvæðafólki, hvert útaf fyrir sig á sérstakt blað, samkvæmt tilmælum í boðsbréfi. Kvæðunum er safnað af mikilli alúð og sömu kvæðin skrifuð eftir fleiri en einum heimildarmanni. Athugasemdir skrásetjara fylgja þar sem þær eiga við neðanmáls.
- M: Sagnadans frá Jóni Sigurðssyni, skráður eftir Sigríði Jafetsdóttur úr Eyjafirði árið 1850.
- N: Galdrakver og átján kvæði, að mestu þulur og kviðlingar, frá Helga Sigurðssyni á Jörfa árið 1853.
- O: Þrír sagnadansar frá Jóni Árnasyni, skráðir eftir Málfríði Jónsdóttur úr Loðmundarfirði, Múlasýslu.
- P: Fjögur kvæði frá Jóni Borgfirðingi.

¹² Um sagnadansa í E má sjá nánar hjá Jóni Helgasyni, *Íslensk fornkvæði*, VI, bls. xxix–xxxviii. Jón nefnir að skrá Svends Grundtvigs yfir kvæði í *DFS* 67 megi finna í *DFS* 65 (sjá bls. xxviii). Þessi skrá er hins vegar mjög takmörkuð og tekur einungis til *sagnadansa* í heftum H–L. Uppskriftum E fylgja stundum bréf heimildarmanna til Fornfræðafélagsins, svo sem í öðrum handritum sem þaðan eru runnin.

¹³ Jón Helgason telur að H sé komið frá Suðurlandi (*Íslensk fornkvæði*, V, bls. lix), en Ólafur Davíðsson segir heftið skrifað með hendi Guðmundar Sigurðssonar á Loftsstöðum (*Íslenskar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur [ÍGSVP]*, IV, Kaupmannahöfn, 1898–1903, bls. 333). Það stenst þó engan veginn, sé rithöndin borin saman við önnur handrit Guðmundar.

R: Bréf til Fornfræðafélagsins með gátu og kvæði, auk tilvitnana í ýmis kvæði, frá sr. Jóni Yngvaldssyni á Nesi í Aðalreykjadal árið 1847.

Kvæði úr *DFS 67* voru fyrst prentuð til útgáfu í *Íslenskum fornkvæðum* þeirra Grundtvigs og Jóns Sigurðssonar. Eftir það tók Ólafur Davíðsson (1862–1903) handritið til afnota, fyrst við útgáfu sína *Íslenskar skemtanir*, sem kom út á árunum 1888–92, þá við *Íslenska vikivaka og vikivakakvæði* 1894 og að lokum og langmest við *Íslenskar þulur og þjóðkvæði*, sem kom út á árunum 1898–1903. Eftir þetta má segja að útgáfa þjóðkvæða hafi legið niðri í nokkra áratugi, enda mikið prentað hjá Ólafi. Árið 1962 tók Jón Helgason upp þráðinn við útgáfu sagnadansa og gaf út heildarsafn þeirra í átta bindum, sem bar heitið *Íslensk fornkvæði*. Jón sækir efni sitt m.a. í *DFS 67*. Að lokum notar Jón Samsonarson nokkrar uppskriftir handritsins við útgáfu sína á *Kvæðum og dansleikjum*, sem kom út árið 1964.¹⁴ Þar sem útgáfa Ólafs Davíðssonar er bæði veigamikil og hefur að geyma allar tegundir þjóðkvæða, eru mörg kvæði – bæði úr safni *DFS* og öðrum handritasöfnum – hvergi prentuð annars staðar.

Að frátöldum sagnadönsum og vikivakakvæðum hefur útgáfa Ólafs að kalla má verið helsta heimild náms- og fræðimanna í hartnær 100 ár. Óhætt er að segja að Ólafur hafi unnið mikið þrekvirki, enda ber útgáfa hans öll vott um einstakan stórhug og framkvæmdaprótt. Í formála *Íslenskra vikivaka og vikivakakvæða* segir Ólafur að sér myndi þykja vænt um ef verkið „þætti ... fylla autt skarð í siðsögu Íslands og bókmentasögu“. Á því leikur enginn vafi að honum hefur tekist þetta ætlunarverk sitt. En hvað er það sem gerir kvæði að þjóðkvæðum? Leikur nokkur vafi á því?

Þjóðkvæðarannsóknir

Um síðustu aldamót ruddi sér til rúms meðal þjóðsagnafræðinga hinn svonefndi „finnski skóli“ eða sögulega og landfræðilega aðferðin. Þeir sem unnu samkvæmt henni leituðust við að safna sem flestum afbrigðum þjóðsagna, hvaðanæva að, og notuðu síðan hin ýmsu afbrigði til samanburðarrannsókna. Rannsóknunum þeirra var ætlað að leiða í ljós upphaflega gerð, hvernig útbreiðslu og afbrigðum væri háttað og hvers vegna.¹⁵ Þessi rannsóknaraðferð einkenndi og yfirgnæfði þjóð-

¹⁴ Jón Samsonarson, *Kvæði og dansleikir*, II, Reykjavík, 1964. Auk þessa er vert að geta um nokkrar veglegar þjóðkvæðaútgáfur, þar sem *DFS 67* er þó ekki notað, a.m.k. ekki sem bein heimild: Margvísleg kvæði og kvæðabrot eru prentuð í bók Jóns Þorkelssonar, *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede*, Kaupmannahöfn, 1888. Árið 1942 gaf Einar Ól. Sveinsson út þjóðkvæðasafnið *Fagrar heyrði eg raddirnar*. Einar Ól. notar engin handrit við útgáfu sína, en styðst við prentaðar heimildir, s.s. *ÍGSVP* þeirra Jóns Árnasonar og Ólafs Davíðssonar, *Íslensk fornkvæði* ofl. (Sjá *Fagrar heyrði eg raddirnar*, útg. Einar Ól. Sveinsson, Reykjavík, 1942, bls. 288). Á sama máta prentaði Ólafur Briem dansa eftir öðrum útgáfum í *Fornum dönsum*, Reykjavík, 1946. Árið 1979 gaf Vésteinn Ólason út sagnadansa og sótti texta sína í *ÍF* Jóns Helgasonar, en breytti þó stafsetningu handrita til nútíðar horfs. Sjá Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*, Reykjavík, 1979.

¹⁵ Sjá nánar, t.d. Jón Hnefill Aðalsteinsson, „Þjóðsögur og sagnir“, *Munnmenntir og bókmenning*, ritstj. Frosti F. Jóhannsson (Íslensk þjóðmenning, VI), Reykjavík, 1989, bls. 245.

sagnarannsóknir framan af öldinni og tíðkast enn þann dag í dag. Henni má að sjálfsögðu beita á kvæði jafnt sem sögur. Önnur leið sem farin hefur verið við rannsóknir á þjóðkvæðum og annars konar munnmælum er e.k. formúlugreining, að fyrirmynd bandarísku fræðimannanna Milman Parry og Albert B. Lord.¹⁶ Með þessari aðferð er athyglinni beint að formúlum þeim sem kvæða- eða sagnaþulir styðjast við. Formúlunum má líkja við nokkurs konar „brauðmola” sem kvæðamaður notar til að „rata” kvæði sitt til enda; þ.e. þær hjálpa til við framvindu frásagnarinnar. Kvæðaþulur getur fyllt formúluna orðum samkvæmt minni eða skipt um orð eftir þörfum. Þessari aðferð má vafalítið beita á mörg íslensk þjóðkvæði. Sagnadansar og margs konar þulur og önnur þjóðkvæði skera sig frá öðrum kveðskap fyrri tíma að því leyti að stuðla og höfuðstafi vantar og í sumum tilvikum einnig rím – m.ö.o. það sem vanalega bindur kvæði saman. Í þeim tilvikum er enn meiri ástæða til að formúlugreina kvæðin og athuga í hverju binding þeirra felst og hvernig aðferðum menn beittu í þeim tilgangi að *muna* þau og miðla aftur – og kannski ekki síst: skilja þau og túlka.¹⁷

Í formála þjóðsagnasafnsins Gráskinnu setti Sigurður Nordal niður á blað nokkur vel valin orð, sem í raun lýsa þjóðsagnafræðinni í hnotskurn:

Það er alltaf nokkurs vert að finna dæmi þess, hvernig sögur varðveitast, ýkjast eða brenglast. En frá því sjónarmiði eru einmitt missagnirnar ekki síður merkilegar en atburðurinn, sem frá er sagt, og því rétt að lofa þeim að njóta sín óbrjáluðum ...¹⁸

Það er einmitt beinlínis út frá þessu sjónarmiði sem hver og einn einasti þjóðsagnagrúskari hlýtur að hugsa og vinna. Það skiptir engu máli hvort ætlunin er að finna upphaflega gerð kvæðis, athuga varðveislu þess, samsetningu eða notkun minna og formúla; traust og nákvæm heimild er undirstaða allra rannsóknaraðferða. Það eru því miklar líkur á að rannsókn sem byggir á ónýtri heimild sé líka ónýt.

Pulur og þjóðkvæði

Ólafur Davíðsson var fjölhæfur fræðimaður og útgefandi og lagði drjúgan skerf til safns íslenskrar þjóðfræði með ötulli munnmælasöfnun. Auk þess lagði hann

¹⁶ Albert B. Lord, *The Singer of Tales* (Harvard Studies in Comparative Literature, 24), Cambridge, Mass., 1960.

¹⁷ Um formúlur í sagnadönsum, sjá: Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*, bls. 41 og áfr. Hér skal einnig bent á grein Vésteins, þar sem nánar er gerð grein fyrir kenningum Lords: „Frásagnarlist í fornum sögum”, *Skírnir*, 1978, bls. 171–76 og aðra grein svipaðs efnis eftir Magnús Fjalldal: „Kenning Lords og Parrys um tilurð og varðveislu munnlegs kveðskapar”, *Andvari*, 1980, bls. 88–96. Sjá enn fremur John Miles Foley, *The Theory of Oral Composition*, Bloomington - Indianapolis, 1988. Um listrænt gildi formúlunotkunar sem aðferðar í munnlegum kveðskap, sjá bók hans *Immanent Art: From Structure to Meaning in Traditional Oral Epic*, Bloomington - Indianapolis, 1991.

¹⁸ *Gráskinna hin meiri*, I, útg. Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson, Reykjavík, 1962, bls. ix.

stund á fleiri fræðigreinar, t.a.m. grasa- og náttúrufræði og var síst afkastaminni á þeim sviðum.¹⁹ Að sögn manna var honum í raun fátt óviðkomandi, enda setti hann sig víst furðu fljótt inn í hin ólíkustu viðfangsefni. Samtímamaður hans, Jón Þorkelsson, segir „að aldrei nokkurn tíma hafi verið lærðari maður, hvorki fyr nje síðar á slíka hluti [þ.e þjóðfræði] en hann var”.²⁰ Eins og fleiri efnilegir námsmenn sigldi Ólafur til Kaupmannahafnar, þar sem hann dvaldi í fimmtán ár. Öll áform um skipulegt nám urðu þó að litlu og lauk hann ekki prófi. Hann þótti heldur þungur í skapi og lítt mannblendinn, enda leitaði hann víst meira á náðir Bakkusar en góðu hófi gegndi. Líklega hafa menn borið honum misjafnlega söguna, sumir dregið fram það besta í fari hans, líkt og Jón Þorkelsson hér að ofan og svo öfugt, líkt og Þorsteinn Erlingsson, sem orti e.k. níðkvæði um Ólaf og lýsir þar hreint ekki fallegu lífern.²¹ Ég held hins vegar að best sé að láta ævisöguna liggja milli hluta, þó svo að slíkt geti alltaf hjálpað til við að skilja menn og verk þeirra. Þrátt fyrir misjafnar sögusagnir sýna verkin, svo að ekki verður um villst, að þessi ágæti maður hefur heldur betur látið hendur standa fram úr ermum meðan hann lifði.

Þegar Ólafur réðst í útgáfu *ÍGSVP* ásamt Jóni Árnasyni, skiptu þeir í upphafi með sér verkum á þann hátt að Ólafur skyldi vinna úr leikjum (*Íslenzkar skemtanir*) en Jón hófst þegar handa við útgáfu á *Íslenzkum gátum*. Síðar kom Ólafur „vikivakadótinu” yfir á Pálma Pálsson, þann sama og hafði tekið við útgáfu *Íslenzkra fornkvæða*. Hann lauk reyndar aldrei verki sínu, þannig að Ólafur gekk frá vikivökunum til prentunar og skrifaði með þeim ítarlegan inngang (*Íslenzkir vikivakar og vikivakakvæði*).²² Stuttur og yfirborðskenndur ritdómur birtist um útgáfu þessa í *Sunnanfara* og eru þar fá orð höfð um vinnubrögð útgefanda: „Að smávillur kunni að vera í jafnefnismikilli bók, sem þessi bók er, má telja óhjákvæmilegt”.²³ Síðasta bindið, *Pulur og þjóðkvæði*, vann Ólafur einn að því marki að hann las ekki prófarkir og skrifaði engan inngang, en sló þar með botn í þjóðkvæðin og fór alfarinn til Íslands. Aðrir menn sáu um prófarkalestur, þ.á m. Finnur Jónsson, sem las yfir hluta prófarkar. Finnur segir m.a.:

Jeg hef rekið mig á, að hann hefur lesið (eða skrifað) nokkurum sinnum rángt, enda eru mörg af þeim handritum, er hann notaði, oft ógreinileg og örðug aflestrar. En meðferð Ólafs á textanum er stundum óneitanlega nokkuð sjálfræðisleg, og það er oft ilt eða ómögulegt að sjá, hvaðan ýmislegt af orðamuninum er tekið, eða hvernig með þau handrit er farið, er notuð hafa verið til samanburðar; hjer hefur safnarinn eflaust ekki sýnt nógu mikla nákvæmni. ... Er jeg hitti Ólaf Davíðsson í sumar, fór jeg þess

¹⁹ Um æfi og störf Ólafs Davíðssonar má sjá nánar í formála Steindórs Steindórssonar að: Ólafur Davíðsson, *Íslenzkar þjóðsögur*, Þorsteinn M. Jónsson bjó til prentunar, Reykjavík, 1978.

²⁰ Tekið úr eftirmála Finns Jónssonar að *Pulum og þjóðkvæðum*, *ÍGSVP*, IV, bls. 383.

²¹ Kvæði Þorsteins er varðveitt í Lbs. 2033, sem hefur að geyma safn kvæðauppskrifta Jóns Þorkelssonar.

²² Sjá Jón Samsonarson, *Kvæði og dansleikir*, II, bls. cxv–vi.

²³ *Sunnanfari*, V. árg, 2. hefti, 1895, bls. 12.

á leit við hann, að hann semdi almennan eftirmála um safn sitt í heild sinni, gerði grein fyrir aðferð sinni og meðferð kvæðanna o.s frv.²⁴

Ólafur gaf sér hins vegar ekki tíma til að skýra frá útgáfutækni sinni, líklega gagntekinn af öðrum áhugamálum og lést sex árum eftir heimkomuna til Íslands.

Í II. og III. bindi *ÍGSVP*, sem Ólafur vann og lauk við að fullu, greinir hann ekki heldur frá aðferðum sínum, en ætla má að sömu vinnubrögð einkenni öll bindin. Það hefur lengi leikið grunur á að meðferð hans á heimildum og virðingu fyrir einstökum textum og heimildarmönnum sé ábótavant. Þessi grunur er nokkuð almennur meðal fræðafólks, þó svo að fátt hafi verið ritað um þetta hingað til.²⁵ Það hefur tæplega farið fram hjá þeim sem lesið hafa þjóðsögur hans á hvern hátt sögur eru samsettar úr nokkrum tilbrigðum. Með þessu móti kemur hann vissulega meira magni til skila og gerir sögurnar auk þess oft skemmtilegri aflestrar, þar sem hann velur það „besta“ úr hverju afbrigði, en slík útgáfa hlýtur að vera hugsuð sem skemmti- og afþreyingarefni eingöngu. Í eftirmála að *Pulum og þjóðkvæðum* telur Finnur Jónsson „víst, að safnið muni eigi aðeins verða haft til skemtunar heldur og muni fræðimenn af ýmsu tagi sækja í það margskonar fróðleik, er þeir þykjast þurfa á að halda”.²⁶ Reyndin er líka sú að það hafa fræðimenn hingað til gert. Það er þó ekki fyrir alla að setja sig inn í útgáfuna, þar sem textafræðilegar aðferðir skýrast ekki að sjálfu sér. Líklega hafa einhverjir lagt árar í bát, borið fyrir sig eigin kunnáttuleysi og kosið að hunsa tilvitnanir, fremur en að eyða tíma og kröftum í að átta sig á kerfi þeirra.

Ólafur var mjög meðvitaður um mikilvægi óbrenslaðrar útgáfu þjóðfræða. Árið 1896 gagnrýndi hann Magnús Grímsson heldur ómaklega fyrir meðferð þjóðsagna og sakaði hann um að skreyta sögurnar með náttúrulýsingum og íburðarmiklu orðskrauti. Spjótí sínu beindi hann einkum gegn tveimur sögum, „Selinu” og „Hornafjarðarfljóti”. „Selið” var hins vegar ekki skrifað af Magnúsi, heldur Jóni Þórðarsyni, og sú hin síðarnefnda er á engan hátt einkennandi fyrir þann stíl sem Magnús tamdi sér.²⁷ Um frásagnarhátt þessara sagna segir hann ennfremur:

Sumir yrkja þær [þ.e. sögurnar] aptur alveg upp að nýju, ef svo má segja, fella úr og bæta við, og þetta hefir Magnús Grímsson viljað gera. Opt fer vel á þessu, en það er hvorttveggja að við þetta verða sögurnar ekki eins áreiðanlegar og ella, ekki eins trú og

²⁴ *ÍGSVP*, IV, bls. 383–84.

²⁵ Sjá þó nýlega grein eftir Jón Samsonarson: „Armi karl”, *Vöruvoð ofin Helga Þorlákssyni fimmtugum*, Reykjavík 1995, bls. 41. Það skal tekið fram að sú athugun sem ég geri á vinnubrögðum Ólafs er beinlínis spröttin út frá rannsóknum á kvæðunum í *DFS 67*. Vinnubrögð hans verða því ekki metin út frá eða borin saman við útgáfur annarra manna.

²⁶ *ÍGSVP*, IV, bls. 384.

²⁷ Ögmundur Helgason, „Upphaf að söfnun íslenzkra þjóðfræða fyrir áhrif frá Grimmsbræðrum”, *Árbók Landsbókasafns 1989*, Reykjavík 1991, bls. 121. Ögmundur, sem hefur athugað vinnubrögð Magnúsar, telur orð Ólafs hins vegar „tilhæfulaust last”. Það mun vera nær lagi að Magnús hafi lagt sinn skerf í að móta hinn klassíska íslenska þjóðsagnastíl. Sjá einnig grein Ögmundar „Listævintýrið Selið í upphaflegri gerð eftir Jón Þórðarson”, *Slæðingur* (Rit félags þjóðfræðinema við Háskóla Íslands, 1. árg.), Reykjavík, 1996.

sönn eptirmynd af lífi þjóðanna og hugsunarhætti,²⁸ og svo þurfa þeir, sem við það fást, að hafa bein í hendi ef vel á að fara og vera innrættari anda og eðli þjóðlegra fræða en Magnús virðist hafa verið ...

Það liggur beinast við að skilja álit hans sem svo að meðferðin sé í raun ekki ámælisverð, svo framarlega sem menn séu gæddir góðri skáldagáfu og séu þar að auki sérlega vel að sér í þjóðlegum fræðum. Ólafur kemur að vísu einnig auga á það sem máli skiptir, þegar hann gefur sögunni *Hornafjarðarfljót* eftirfarandi einkunn: „Sagan hefir auðvitað aldrei verið sögð á Íslandi á þessa leið”.

Auðvelt er að finna fleiri dæmi um dómhörku Ólafs; hann lét skoðanir sínar á verkum annarra óspart í ljós og er það umdeilanlegt hvort dómar hans hafi alltaf verið hlutlausir.²⁹ Ég vil hins vegar leyfa mér, með hinni mestu virðingu fyrir útgefanda, að gagnrýna *Pulur og þjóðkvæði* í þeim tilgangi að greina frá aðferð hans og e.t.v. auðvelda fólki að skilja og nota útgáfuna með því að benda á takmörk hennar. Að sjálfsögðu ber að hafa það hugfast hvílíkt brautryðjandaverk Ólafur og aðrir fyrri tíma fræðimenn unnu með útgáfum sínum og að áherslur og fræðilegar kröfur voru nokkuð með öðrum hætti en nú á dögum. Útgáfa Ólafs endurspeglar að mörgu leyti hugmyndir 19. aldar manna um tilurð þjóðkvæða. Útgefendur þessa tíma unnu út frá ákveðinni hugmyndafræði eða forsendum sem hafa breyst í tímann á rás.

Sú athugun sem ég hef gert á heimildamedferð Ólafs einskorðast að mestu leyti við *DFS 67*, sem er eitt af aðalhandritum útgáfunnar. Í fyrstu bar ég öll prentuð kvæði saman við handrit þeirra og dugði það til þar sem ekki er getið um önnur handrit neðanmáls. Þar sem *DFS 67* er talið upp fyrst og önnur handrit eftir því, mætti ætla að það væri aðalhandrit og að lesbrigði væru tekin úr öðrum heimildum. Margsinnis þurfti að lesa útgáfuna saman við öll tilgreind handrit.

Áður en lengra er haldið vil ég greina stuttlega frá niðurskipan kvæðanna, útskýringum Ólafs og lesbrigðum, svo langt sem það heppnast. Best væri ef lesendur hefðu tækifæri til að glugga í bókina og átta sig á þessu sjálfir. Aðferðin er breytileg, en í stórum dráttum eftirfarandi.

- a) Sums staðar er kvæði prentað með tilheyrandi lesbrigðum (sem merkt eru A, B, C o.s.frv.) og athugasemdum. Við lok kvæðis er upptalning á handritum þess, með samsvarandi bókstöfum. Þessi uppsetning er til fyrirmyndar.
- b) Sum kvæðanna eru prentuð í nokkrum afbrigðum, sem merkt eru rómverskum

²⁸ *Sunnanfari*, V. árg., 8. hefti, 1896, bls. 59. Í *Sunnanfara* stendur „hugsunarkætti”. Nokkru fyrr hafði Ólafur sjálfur hlotið gagnrýni fyrir frásagnarhátt prentaðra þjóðsagna, sjá *Sunnanfari*, IV. árg., 9. hefti, bls. 70. Þar segir m.a.: „... útgefandinn lætur ekki heimildir sínar og heimildarmenn segja frá með þeirra eigin orðum, heldur segir hann sjálfur frá með sínum orðum.”

²⁹ Jóni Ólafssyni úr Grunnavík gefur Ólafur t.a.m. eftirfarandi dóm: „... er skýring hans alveg ófær eins og flestar orðaskýringar hjá honum, yfir höfuð að tala” (*ÍGSVP*, III, bls. 7). Það er varla hægt að neita því að margar af orðaskýringum Jóns eru afar hæpnar, en alhæfing Ólafs er engu að síður óréttlát. Sjá ennfremur ýmsa ritdóma Ólafs í *Sunnanfara*, t.d. þar sem hann vegur enn að Jóni Ólafssyni í IV. árg., 2. hefti, bls. 14, Rev. W.C. Green, þýðanda Egils sögu á ensku í sama hefti, bls. 15 og ritgerð Jóns Jónssonar í V. árg., 10. hefti, bls. 79.

tölustöfum. Sé um slíkt að ræða eru kvæðin ekki prentuð í heilu lagi, heldur aðeins sá hluti sem sker sig frá fyrstu gerð. Oft er getið um handrit tilbrigðanna, en a.m.k. jafnoft er því sleppt.

- c) Algengast er að kvæði sé prentað með lesbrigðum sem ekki eru merkt bókstöfum. Við lok kvæðis eru talin upp nokkur handrit og hafa þau að geyma sams konar gerð eða áþekka. Ekki er hægt að átta sig á hvaðan lesbrigðin eru tekin.
- d) Sum kvæði eru prentuð án lesbrigða og án upplýsinga um handrit eða með lesbrigðum en án upplýsinga um handrit.
- e) Kvæði sem hafa ekki fyrirsögn eru auðkennd á þann hátt að 1. lína er gleiðletruð. Eins konar þankastrik gefur til kynna að hluta úr kvæði er sleppt. Oftast nær er um að ræða línur sem prentaðar hafa verið áður í annarri gerð kvæðisins. Hornklofi merkir að viðeigandi lesbrigði eigi við um allt milli hans og númers (þetta er algengt á 19. öld).
- f) Við lok kvæða, innan um upptalningu handrita fylgja stundum fáeinar athugasemdir, t.d. um fyrri útgáfur o.s.frv.

Ennfremur er útgáfan með samræmdri stafsetningu og er uppskrift breytt í samræmi við hana (Kaupmaðr dróg upp atkjer > Kaupmaður dró upp atkeri). Orð- eða hljóðmyndir sem fela í sér framburðareinkenni kvæðafólks eða jafnvel fyrnsku skrifara fá því ekki að njóta sín. Samkvæmt þessari aðferð er m.a. greinamerkjasetningu og upphafsstöfum breytt, en við það er ekki höfð sýnileg regla, heldur prentað sitt á hvað. Einstökum orðum uppskrifta er margsinnis breytt, þ.e. beygingar- eða orðmyndum er bætt við þau eða þá felldar niður og falli er breytt án þess að „leiðrétting” sé auðkennd. Þá er nokkuð um að einstökum smáorðum sé sleppt eða þeim breytt. Í nokkrum tilvikum má ætla að útgefandi hafi lesið rangt úr handriti og nokkuð er um prentvillur.³⁰

Flest af þessu er skiljanlegt ef tekið er mið af tækni þessa tíma (eða réttara sagt tækniskorti) og umfangi verksins og ekki ástæða til að gera of mikið veður úr því. Lesbrigðaskrár og upplýsingar um handrit, þar sem þær er að finna, eru hins vegar oftast en ekki ófullnægjandi. Ég vil í upphafi athuga eina opnu: Á bls. 146 má benda á athugasemdagrein við grýlukvæði, liðlega tvær línur. Ekki er greint frá handritanúmeri *DFS 67* (SvG. 67). Þetta kemur að sök þar sem notast er við fleiri handrit sama safns. Handritið er annað í upptalningu þeirra þriggja uppskrifta sem til er vísað, en samt sem áður eru engin af lesbrigðum neðanmáls tekin þaðan. Á bls. 147 er dæmi um það sem um var getið í lið d) hér að framan; kvæðið „Grýla fór á fjöll og bjó” er tekið eftir *DFS 67* og neðanmáls er greint frá þremur lesbrigðum, án þess að getið sé um handrit þeirra. Aðeins ofar á sömu blaðsíðu

³⁰ Dæmi um þetta: ósamræmi í greinamerkjasetningu, t.d. „Leppalúðakvæði” bls. 156; ósamræmi í upphafsstöfum, bls. 231 (Loki/loki); bætt við orð, bls. 45 (fagri > fagurri) og 279 (ilur > ilvegur), fellt úr orði, bls. 264 (stýrimaðurinn og stjórinn > stýrimaður og stjóri); falli breytt, bls. 201 (hamarinn > hamrinum); smáorð fellt úr, bls. 222 (nema af tómun > nema tómun); smáorði breytt, bls. 318 (en karlinn > sem karlinn); ranglega lesið úr orði, t.d. bls. 260 (hvað > hvert í „Stúlkan ein”); prentvilla, t.d. bls. 224 (sumardaginn > sunnudaginn) og 249 (Pá > Þú).

er kvæðið „Grýla kemur á hverjum vetri” og er *DFS* 67 talið eitt handrita. Þar er hins vegar aðeins að finna þrjár síðustu línur kvæðisins, en aðalheimild vantar. Lesbrigðin eru hins vegar tekin eftir *DFS* 67, en þau eru ófullkomin. Á bls. 186 stendur þulan „Lambið beit í finger minn”. Neðanmáls eru níu lesbrigðalínur, þar sem lesbrigði eru án allra auðkenna. Engar upplýsingar eru um handrit, aðrar en „Drefjar í *Sv.Grv.* 67, *Arch.* E². Raunin er sú að tilvitnuð uppskrift geymir sáralítið úr prentaðri þulu, en *Arch. L*, eftir sögn Þuríðar Hallgrímsdóttur, þeim mun meira. Ekki er nokkur leið að átta sig á uppruna lesbrigða, né hvaðan mestur hluti þulunnar er tekinn. Fleiri algeng glappaskot í athugasemdagreinum eru að rangt er farið með nafn heimildarmanns, ranglega getið um ritara og ranglega farið með númer handrita. Þá eru dæmi þess að útgefandi skeyti ekki um leiðréttingar sem skrifarar hafa sett í handrit sín og að orðalagi innan gæsalappa sé breytt.³¹ Þannig mætti lengi rekja áfram og er óhætt að segja að öll ofangreind dæmi eigi sér ófáar hliðstæður.

Meðferð einstakra orða og upplýsingar um handrit og aðrar heimildir skipta þó minna máli en útgáfa kvæðanna í heild. Verra er þegar orði eða línu(m) er athugasemdarlaust bætt inn í uppskrift, sem að öðru leyti er tekin eftir einu handriti.³² Þetta getur gengið svo langt að prentað kvæði er ekki annað en samsetningur ýmissa uppskrifta með tilheyrandi viðbótum útgefanda. Í slíkum tilvikum er verkið á mörkum þess að vera útgáfa heimilda og skáldskapur. Eftirfarandi þula er gott dæmi um þetta. Hún er hér prentuð stafrétt eftir útgáfu Ólafs, ásamt lesbrigða- og handritaskrá. Þetta dæmi sýnir að lesanda er með öllu ókleift að átta sig á meðferð heimilda og samsetningu þeirra.³³

3	Stígum við stórum stundum til grunda, belg ber eg eptir mér [til barnanna funda. ¹	21	Sauma að segli? Hvað er að segli? Slitið af veðri.
6	Hér [læt eg ² skurka fyrir skáladyrum. Vaknaðu Gýgur!	24	[Hvað gjörðirðu af nálunum, ⁷ sem eg fékk þér í fyrragær? Eg fékk Hala bróður. Hvað gjörði Hali bróðir af.
9	[Ei vill Gýgur ³ vakna. Er orðið framorðið? Sól á milli augna þinna, sofa máttu leingur,	27	Hann kastaði út á miðjar götur og sagðist skyldi brenna á baki þeim sem ætti, en ekki sér.
		30	

³¹ Dæmi um þetta: rangt farið með nafn heimildarmanns, bls. 236 (Guðríður > Guðrún); ranglega getið um ritara, bls. 333 (rithönd kvæðis ber ekki saman við önnur handrit Guðmundar Sigurðssonar); ranglega farið með númer handrits, bls. 370 og 373 (þarna eru samtals þrjár tilvitnanir í *DFS* (*Sv.Grv.*) 67 sem eiga við *DFS* 66); horft fram hjá leiðréttingum, bls. 371 (er. 7 hendi > hendur og er. 11 svaraði > svarar); orðalagi breytt innan gæsalappa, bls. 372 (tilvitnun í athugasemd Jóns Árnasonar: kvæðin > kvæðið, Pjeturs > Péturs, þau > það).

³² Dæmi um þetta: *orð*, bls. 216 (Þó var > Þó var hann); *lína*, bls. 200 (síðasta lína kvæðis nr. XVIII).

³³ *ÍGSVP*, IV, bls. 205. Ég hef bætt við línunúmerum, til að auðvelda samanburð.

12	einn dúrininn dreingur! Farðu' á fætur Dísa, úti er kveðin vísa!	33	Hvað ertu að gjöra núna? Eg er að telja tölur mínar og taldi ekki rétt, eg er að binda skóbönd mín og batt þau ekki rétt.
15	Hver er kominn úti? Björn á brotnu skipi. Hvað [vill hann Björn? ⁴	36	Gott barn í kvöld, heilagt er á morgun.
18	Biðja ⁵ um nálar. Hvað [er að nálum? ⁶		

¹ barnanna fullan. ² lætur. ³ Ígulgýgur. ⁴ er hann að fara? ⁵ Hann er að b. ⁶ um nálar; vill hann með n. ⁷ Frá [Hvar eru nálar.

Hrs. Sv. Grv. 67, Arch D³, með hendi séra Benedikts Þórarinssonar á Ási í Fellum, Arch E², F. Hrs. Bmfj. 605, 8vo, með hendi Þorsteins Þorsteinssonar frá Upsum. 4 fyrstu línurnar í hrs. Sv. Grv., Arch N, með hendi séra Helga Sigurðssonar á Jörfa. Hrs. J. Sig. 282, 8vo, afskrípt Pálma Pálssonar í hrs. Sv. Grv. 118. Hrs. Sv. Grv. 67, Arch. L. Séra Jón Eyjólfsson. Tvær útgáfur, önnur eptir Málfríði Brynjólfsdóttur í Pverdal, en hin eptir Margréti Bjarnadóttur á Sléttu. Hrs. Á. M. 960, 4to, aptan á bréfi til Mr. Bjarna Brynjólfssonar á Hafrafelli 1835. Kvæðabók dr. Jóns Þorkelssonar yngra í arkarbroti, með hendi Páls Hjaltalíns.

Hér er getið um ellefu uppskriftir; *DFS* (Sv. Grv.) 118 er eftirrit *JS* 282 8vo og báðar uppskriftir *DFS* 67 (Sv. Grv.), Arch. L eru samhljóða. Það eru því níu gerðir sem koma til greina við útgáfu. Handritamerkingar þeirra eru eftirfarandi: *DFS* 67, Arch. D³ = D; *DFS* 67, Arch. E² = E; *DFS* 67, Arch. F = F; *ÍB* (Hrs. Bmfj.) 605 8vo = I; *DFS* 67, Arch. N = N; *DFS* 118 = P;³⁴ *DFS* 67, Arch. L = L; *AM* 960 4to = B; *Lbs* 276 fol. (kvæðabók dr. Jóns Þorkelssonar) = J. N hefur einungis að geyma fjórar fyrstu línurnar. Að öðru leyti en því sem að ofan greinir eru handritin ekki tengd innbyrðis.

Svo sem ofangreint dæmi sýnir getur Ólafur einungis um sjö lesbrigði neðanmáls. Nákvæm lesbrigðaskrá er hins vegar töluvert fyrirferðameiri.³⁵ Samanburð-

³⁴ *DFS* 118 var tiltækt meðan samanburður var unninn, en *JS* 282 8vo ekki. Þetta kemur ekki að sök og breytir ekki á nokkurn hátt niðurstöðum..

³⁵ Í eftirfarandi lesbrigðaskrá er útgáfa Ólafs lögð til grundvallar. Lesbrigðum allra níu gerðanna er þannig háttað:

1–4] ÷ E, F, B, J. 2 stundum til] stund undir I. grunda] grundar N. 4 til] ÷ D, I, P. funda] fullann D, I, P. 5 læt eg] lætur P. skurka] skrulta J. 5–6] ÷ B. 5–37] ÷ N. 7–8] ÷ F, B. 8 Ei – Gýgur] Ígulgýgur I. 9 orðið] ÷ D. 9–12 ÷ E, F, I, P, L, B, J. 10 Sól] + er D. milli] millum D. 13–14] ÷ D, E, F, I, P, L, B. 17 hann] ÷ D, F, I, P, L, B. 19 ÷ P. er] vill D. að nálum] hann með nálar D, um nálar I. 20 að segli] með seglið F. 22 veðri] vindi L. 23 Hvað] hvar B. gjörðirðu] gjörði hann D, P, eru B. af nálunum] nálar B. 24 sem] er B. fékk] gaf F. þér] honum D, P. fyrragjær] fyrradag E, I, P, gjær F, B, J. 25 Eg] hann D, P, þær B. fékk] gaf F, eru hja B. Hala] Haka B. bróður] bróðir E, F, I, B. 26 Hali] Hala D, E, P, Haki B. bróðir] ÷ F, L, B, J. 27 Hann] ÷ D, E, F, I, B, J. kastaði] + þeim P, fleigdi J. miðjar] miðja F, L, B. götur] götu F, L, B. 28 sagðist] ÷ I, sagði D, E, F, L, B, J, + þær E, + að L. skyldi] skyldu E, J. skyldi brenna] öfug röð D, L, B, J. 29 þeim] þeirra P. sem] er B, J. ætti] átti I, átt hefðu P. 30 ÷ D, E, F, I, P, L, B, J. 31 ertu] varstu nú I, varst' L, ÷ B, J. að] ÷ B, J. gjöra] segja D, L, sýngja E, I, sagðirðu B, J. núna] ÷ I. 31–32 ÷ F. 32 er] var I, L, ÷ B, J. að] ÷ J, B. telja] sýngja D, E, P, kveða L, syng B, saung J, + á D, I, P, B, J. 33 og] ÷ B, E, F, P. taldi] kvað L, söng eg B, síng J, + þær I, L, J. rétt] hálfvel B, J, + eg skal singia betur á morgun B, eg sing þær betur á morgun J. taldi – rétt] ÷ D, E, F, P. 34 ÷ E, F, P, B, J. eg] og D. er] ÷ D, var I, L. að] ÷ D. skóbönd] skópveingi D, skópveing I, skótötra L. mín] mína D, L, minn I. 35 ÷ D, E, F, P, B, J. þau] hann I, þá L. 36 Gott] eins og annað gott E. í kvöld] ÷ E, P. 36–37 ÷ F, I, L, B, J.

Aðferð við lesbrigðagreiningu er með hefðbundnum hætti. Númer vísa í ofangreind línunúmer og bókstafir í handrit. + og ÷ standa fyrir viðbætur og úrfellingar miðað við aðaltexta.

ur lesbrigðanna leiðir í ljós að *D*, sem talið er fyrst allra handrita, muni líklega vera aðalhandrit. Það hefur að geyma 106 orð af 148 prentuðum. Uppskrift þess fer hér á eftir og eru orð sem stangast á við útgáfu Ólafs skáletruð og punktalínur látnar auðkenna staðsetningar umframorða / -setninga í útgáfu:³⁶

3	Stígum við stórum, stundum til grunda, belg ber ég eptir mér ... barnanna <i>fullann</i> ,	21	sauma að segli, hvað er að segli? slitið af vedri.
6	hér læt ég skurka fyrir skála dyrum, vaknaðu Gígur, ei vill Gígur vakna –	24	hvað <i>gjörði hann</i> af nálunum sem ég fékk <i>honum</i> í fyrra gjær? <i>hann</i> fékk Hala bróður, hvað <i>gjörði Hala</i> bróðir af?
9	er ... frammi orðið? Sól er á <i>millum</i> augna þinna, sofa máttu leingur	27	... kastaði útá miðjar götur og <i>sagði: brenna skyldi</i> á baki þeim sem ætti.
12	einn dúrin dröngur!	30	 Hvað ertu að <i>segja</i> núna? eg er að <i>sýngja</i> á tölur mínar
15	Hvör er komin úti? Björn á brotnu skipi, hvað vill ... Björn?	33	 og binda <i>skópveingi mína</i> ,
18	biðja um nálar- hvað vill <i>hann með nálar?</i>	36	 gott barn í kvöld, heilagt er á morgun.

Þau lesbrigði sem ekki má finna í *D*, samsvara uppskriftum eftirtalinna handrita:

E = *DFS 67, Arch. E²* inniheldur eftirtalin lesbrigði við *D*: hann (17), er að nálum (19), gjörðirðu (23), þér (24), Eg (25), „skyldu” brenna (28).

F = *DFS 67, Arch. F* inniheldur þessi lesbrigði: er að nálum (19), gjörðirðu (23), þér (24), Eg (25), Hali (26), skyldi brenna (28).

I = *ÍB 605 8vo* inniheldur stóran hluta lesbrigðanna: funda (4), gjörðirðu (23),

³⁶ DFS 67, bls. 250.

þér (24), Eg (25), Hali (26), skyldi brenna (28), telja (32), taldi ekki rétt (33), eg (34), að (34), og batt (35), ekki rétt (35).

N = DFS 67, Arch. N inniheldur aðeins 4 fyrstu línurnar, þar af tvö þessara orða: til (4), funda (4).

P = DFS 118 hefur eftirtalin lesbrigði: Hann (27), sagðist skyldi brenna (28), gjöra (31).

L = DFS 67, Arch. L inniheldur stærstan hluta lesbrigðanna: til (4), funda (4), er að nálum (19), gjörðirðu (23), þér (24), Eg (25), Hali (26), Hann (27), ekki rétt (33), eg (34), að (34), og batt (35), ekki rétt (35).

B = AM 960 4to hefur að geyma þessi lesbrigði: er að nálum (19), þér (24), ekki (33).

J = kvæðabók dr. Jóns Þorkelssonar í Lbs 276 fol. inniheldur eftirfarandi orð: Farðu á fætur Dísu (13), úti er kveðin vísa! (14), hann (17), er að nálum (19), gjörðirðu (23), þér (24), Eg (25), Hali (26).

Með samanburði má útiloka handritin *E*, *F*, *L* og *B*, þar sem lesbrigði þeirra eru ávallt samhljóða lesbrigðum annarra handrita.³⁷ Eftir stendur því kvæði sem að stofni til er prentað eftir *D*, en ýmislegt er tekið úr *I*, *N*, *P* og *J*,³⁸ svo sem að ofan greinir. Auk þess eru lesbrigði í útgáfu sem ekki má rekja til uppgöfina handrita:

orðið (9), milli (10 *D* millum), en ekki sér (30), er (34), skóbönd mín (34), þau (35).

Eins og sjá má af fjölda þeirra lesbrigða sem handritin nú hafa að geyma, vantar í útgáfuna mest allan orðamun neðanmáls, en mikið af honum sker sig verulega frá útgefnum texta og ætti sannarlega að fylgja með. Þau sjö lesbrigði sem hins vegar fylgja neðanmáls í útgáfu eiga við *D* (lesbr. nr. 1 og 6²), *I* (lesbr. nr. 1, 3 og 6¹), *P* (lesbr. nr. 1 og 2) og *B* (lesbr. nr. 7). Lesbrigði nr. 4 og 5 eiga hins vegar ekki við nein uppgöfin handrit.

Það er engin ástæða til að teygja lopann lengi; þær athuganir sem ég hef gert á tengslum prentaðra texta við heimildir þeirra benda í sömu átt. Einstök dæmi um meinta galla á útgáfu *DFS 67* voru meira og minna tekin af handahófi og eiga sér margar hliðstæður. Ofangreint kvæði er þó meðal þeirra sem hefur verið breytt einna mest.³⁹ Samanburður hefur leitt í

³⁷ Samantekin lesbrigði ofangreindra handrita líta þannig út:

4 til] *N*, *L*. funda] *I*, *N*, *L*. 13–14 *J*. 17 hann] *E*, *J*. 19 er að nálum] *E*, *F*, *L*, *B*, *J*. 23 gjörðirðu] *E*, *F*, *I*, *L*, *J*. 24 þér] *E*, *F*, *I*, *L*, *B*, *J*. 25 Eg] *E*, *F*, *I*, *L*, *J*. 26 Hali] *F*, *I*, *L*, *J*. 27 Hann] *P*, *L*. 28 sagðist] *P*. skyldi] *F*, *I*, *P*. brenna] *E*, *F*, *I*, *P*. 31 gjöra] *P*. 32 telja] *I* (+á). 33 taldi] *I*. ekki] *I*, *L*, *B*. rétt] *I*, *L*. 34 eg] *I*, *L*. að] *I*, *L*. 35 og batt] *I*, *L*. ekki rétt] *I*, *L*.

³⁸ Lesbrigði 4. línu (*N*) gætu allt eins verið tekin úr *L* og er það útilokað með þeim fyrirvara. Eftirfarandi lesbrigði eru tekin úr *I*, *N*, *P* og *J*:

4 til] *N*. funda] *I*, *N*. 13–14 *J*. 17 hann] *J*. 19 er að nálum] *J*. 23 gjörðirðu] *I*, *J*. 24 þér] *I*, *J*. 25 Eg] *I*, *J*. 26 Hali] *I*, *J*. 27 Hann] *P*. 28 sagðist] *P*. skyldi] *I*, *P*. brenna] *I*, *P*. 31 gjöra] *P*. 32 telja] *I* (+á). 33 taldi] *I*. ekki rétt] *I*. 34 eg] *I*. að binda] *I*. 35 og batt] *I*. ekki rétt] *I*.

³⁹ Meðal annarra kvæða sem hafa fengið svipaða meðferð eru „Krumminn á skjá, skjá”, bls. 247, „Táta, Táta teldu dætur þínar”, bls. 217–18 og „Ólafur gaf mér öxi”, bls. 228.

ljós, svo ekki verður um villst, að útgáfa þjóðkvæðauppskrifta *DFS 67* er ekki nógu traust fyrir þjóðsagnafræðinga og aðra þá sem vilja rannsaka kvæðin eða nota þau til hvers konar samanburðar. Hún gefur í mörgum tilvikum ranga mynd af því sem þar er að finna. Það er a.m.k. ekki á það treystandi að tiltekið kvæði sé yfir höfuð í því handriti sem á er bent, en ef það er þar, þá er a.m.k. ekki víst að það sé samskonar og það sem miðað er við. Hvort hið sama gildir einnig um útgáfur eftir öðrum handritum fullyrði ég ekki og verður hver að draga sínar ályktanir um það. Líklegt finnst mér þó að meðferð *DFS 67* sé einkennandi fyrir aðferð Ólafs Davíðssonar. Að vísu voru vinnubrögð og fræðilegar kröfur að vissu marki með öðrum hætti á 19. öld en nú tíðkast, en það er a.m.k. víst að útgáfan svarar ekki þeim kröfum sem nú eru gerðar og eru ótvírætt nauðsynlegar. Það er samt sem áður kaldhæðnislegt að fyrrgreindur ritdómur Ólafs um Magnús Grímsson verður auðveldlega heimfærður upp á hann sjálfan og hljóta verk hans því að dæmast af hans eigin orðum: kvæðin hafa auðvitað aldrei verið flutt á Íslandi á þessa leið!

Staðreyndin er sú að mörg kvæðanna í útgáfu Ólafs hafa í raun aldrei verið til. Samt sem áður hafa ýmsir menn sótt þangað efni til birtingar annars staðar, sjálfsagt í þeirri trú að þetta væru hin einu sönnu þjóðkvæði.⁴⁰ Svo hafa kvæðin auðvitað bæði verið prentuð, lesin og sungin fyrir yngstu kynslóðina, sem stendur þó líklega nokkuð á sama um uppruna þeirra. En hvort sem lesendur eru meðvitaðir um útgáfugalla kvæðanna eða ekki, er vissulega þörf á nýrri útgáfu.

Það er afar mikilvægt að þjóðsagnafræðingar styðjist við og hafi tiltækar traustar og góðar útgáfur. Ég hef leitast við að gera grein fyrir hvernig þeim málum er háttað varðandi meginþorra þjóðkvæða og samkvæmt ofangreindum niðurstöðum væri þeim sem þurfa að vinna með kvæði úr *Pulum og þjóðkvæðum* e.t.v. vissast að nota handritin sjálf. Hinum, sem vilja lesa þennan skemmtilega samsetning sér og öðrum til afþreyingar og fræðslu, þó ekki væri nema til að minna litla ólátaseggi á tilvist Grýlu eða róa þá með vögguvísunum og barnagælum, óska ég hins vegar góðrar skemmtunar.

⁴⁰ Til að mynda hefur Einar Ól. Sveinsson tekið framangreinda þulu „Stígum við stórum” orðrétt í bók sína *Fagarar heyrði eg raddirnar* (bls. 246).